

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um neyslustaðal/neysluviðmið.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Má vænta þess að ríkisstjórnin móti neyslustaðal/neysluviðmið í samræmi við tillögur í skýrslu á vegum viðskiptaráðuneytis frá því í október 2006?
2. Er fyrirhugað að endurvekja hugmyndina um að neyslustaðall/neysluviðmið nái til allra opinberra aðila sem byggja bætur, lán, styrki eða aðrar greiðslur á neysluviðmiðum?
3. Hefur efnahags- og viðskiptaráðherra uppfært kostnaðartölur við gerð og viðhald slíks neyslustaðals/neysluviðmiðs í samræmi við svör forsætisráðherra frá 12. ágúst 2009, sbr. 99. mál á 137. löggjafarþingi?